

Aðalfundur hverfisnefndar Naustahverfis

27. fundur nefndarinnar haldinn í Naustaskóla þann 4.11.2010 kl. 20:00

Frá hverfisnefnd voru mættir: Anna Sjöfn, Ásdís, Bjarni og Björk.
Alls mættu 20 manns á fundinn.

Fundarstjóri var Ágúst Frímenn Jakobsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar:

Bjarni Sigurðsson varaformaður fór yfir skýrslu stjórnar.

2. Umræður um skýrslu stjórnar:

Spurst var fyrir um viðbrögð bæjaryfirvalda við athugasemdu og beiðnum hverfisnefndarinnar. Bjarni sagði samvinnuna hafa gengið vel t.d. hvað snerti skólann, en enn væru ýmis vandamál óleyst og nefndi njólann sem dæmi.

3. Kosning í stjórn:

Nefndarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Bjarni og Hrafnhildur voru að ljúka sýnu fyrri ári og halda því áfram. Anna Sjöfn, Ásdís, Björk, Gísli og Sigurður voru að ljúka sínu seinna ári, en voru öll tilbúin að starfa áfram fyrir utan Sigurð. Í hans stað kemur Ómar Ívarsson.

4. Gestur kvöldsins – Eiríkur Björgvinsson bæjarstjóri:

Eiríkur Björgvinsson þakkaði fyrir að fá að koma á fundinn og gerði í stuttu máli grein fyrir sér og sínu nýja bæjarstjórarstarfi. Fram kom í máli hans að hann teldi hverfisnefndir mjög mikilvægar.

Varðandi atriði er snertir Naustahverfið sérstaklega kom fram hjá Eiríki að hugmyndin um Dalsbrautina væri í vinnslu og leitað yrði allra leiða til að koma henni á framkvæmdastig. Hann sagði undirbúningsvinnu vera farna af stað varðandi áframhaldandi uppbyggingu Naustaskóla. Einnig kom fram í máli Eiríks að hann þekkti njólavandamál frá Austurlandi og að eitru þyrfti fyrir honum strax að vori.

Næst var boðið uppá kaffi og kleinur en eftir það hófust allmennar umræður:

Almennar umræður: Fyrir svörum voru Eiríkur Björgvinsson, Bjarni Sigurðsson og fulltrúar L-listans þeir Helgi Snæbjarnarson og Oddur Helgi Halldórsson.

1. Innkeyrslan í hverfið:

Fram kom fyrirspurn úr sal þar bent var á að innkeyrslan í hverfið væri leiðing og hvað væri til ráða. Skiptar skoðanir voru um það hjá fundarmönnum hvort innkoman í hverfið væri erfið og leiðinleg en fram kom hjá Helga að ekki væri á teikniborðinu nein breyting þar á.

Fyrirspurn hafði áður verið send frá fundarmanni til bæjarins varðandi götumerkingar og hugsanleg skilti með götuheitum við aðalgötur hverfisins. Helgi sagði að sú hugmynd hefði ekki verið rædd hjá Skipulagsnefndinni.

2. Dalsbraut:

Fyrirspurnir komu úr sal um Dalsbrautina og tók Oddur að sér að svara þeim.

Hjá Oddi kom fram að flokkarnir væru ekki allir sammála um Dalsbrautina, en L-listinn væri fylgjandi henni. L-listinn hefur því tekið ákvörðun um að kostnaðarmeta þeirra hugmyndir varðandi hana. Hann sagðist vænta þess að hún yrði boðin út nú í vor og að næsta sumar væri hún tekin út að Skógarlundi og 2012 alla leið.

Í framhaldi af svari Odds var spurt hvar hönnunin væri stödd. Í svari Helga og Odds kom fram að hönnunin væri ekki komin langt, núna væri bara verið að kostnaðarmeta þeirra hugmyndir. Eingöngu væri búið að gera mjög grófa hönnun og ekki væri búið að afgreiða málið hjá framkvæmdanefnd bæjarins.

3. Miðhúsabraut:

Fyrirspurn kom um hvenær ætti að fara í hringtorgið hjá Mól og Sandi þar sem þessi gatnamót væru mjög erfið í dag. Fram kom hjá L-lista mönnum að það yrði allavega ekki farið í þær framkvæmdir á næsta ári.

4. Naustaskóli:

Fyrirspurnir komu um uppbyggingu Naustaskóla. Fram kom að ekki væri ágreiningur hjá flokkunum um að reyna að flýta framkvæmdum við skólann. Hönnunarferlið væri hafið og að í fjárhagsáætlun sem verið væri að vinna að væri gert ráð fyrir 400 millj. á næsta ári. Gengi það eftir yrði verkið boðið út strax efir áramót. Hugmyndin væri að haustið 2012 yrði fyrsti hlutinn tilbúinn en í honum væru stofur fyrir unglingastigið og verkgreinastofur.

5. Hálfbyggð hús:

Fyrirspurnir komu varðandi húsagrunna og hálfbyggð hús og var bent á Sómatúnið og grunna vestan við Mýrartún.

Helgi sagði að mestu vandræðin við að fylgja þessu máli eftir væru að oft væri ekki vitað hverjir ættu grunnana eða íbúðirnar. Hann sagði þetta stöðugt í skoðun en þetta væri langt og erfitt ferli. Oddur og Helgi bentu báðir á að gott væri að fá ábendingar frá hverfisnefndinni varðandi þetta. Oddur sagði framkvæmdanefndina ætla að fara í bútautum – lagfæringar í hverfunum með vorinu.

6. Snjómokstur:

Kvörtun kom úr sal að Naustahverfi væri mjög neðarlega á forgangslista varðandi snjómokstur þ.a. mjög seint væri mokað í Naustahverfi.

Eiríkur sagði að þessi kvörtun kæmi úr öllum hverfum bæjarins. Hann sagði tengibrautir alltaf mokaðar fyrst. Oddur svaraði því til að nú í vetur væri markvisst dregið úr snjómokstri, en reynt að gera betur varðandi gangstéttir. Bent var á að hægt væri að sjá inn á heimasíðu Akureyrarbæjar undir framkvæmdadeild forgangsröðun varðandi mokstur á götum bæjarins.

7. Leikskólamál:

Við fyrirspurn um áframhaldandi uppbyggingu á leikskólalássum í hverfinu kom fram að ein af hugsununum við að flýta stækkun Naustaskóla væri að Naustatjörn gæti fengið aukið rými í skólanum.

Spurt var hvort til stæði að byggja útistofu fyrir skóla bæjarins í Naustaborgum. Enginn kannaðist við þau áform. Fram kom hjá fulltrúum frá Naustaskóla og Naustatjörn að þeim langaði mjög í salernisaðstöðu fyrir sína skjólstæðinga í Naustaborgunum.

8. Tjaldsvæði:

Ábending kom frá einum fundarmanna að bæta þyrfti merkingar fyrir gesti bæjarins sem ætluðu á tjaldsvæðið á Hömrum. Einnig bent á að vegurinn frá Naustahverfi að tjaldsvæðinu væri til skammar og að hann þyrfti að malbika og lýsa upp. Nefndarmenn voru sammála þessu og báðu um að tekið yrði fullt tillit til hjólreiðamanna, göngumanna og hlaupara. Þessi leið væri mikið nýtt af útivistarfólki og því þyrfti að koma gangbraut og hjólastígur samfara vegarlagningu.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og endaði Bjarni fundinn með því að lýsa yfir ánægju sinni með góðan fund og sagðist hlakka til að aka Dalsbrautina að ári.

Fundi slitið kl. 9:45

Björk Guðmundsdóttir, fundarritari.